

Heimsókn til Danmerkur dagana 29. október - 2. nóvember 2009

Þann 29. október fór ég með pabba mínum að heimsækja bróðir minn og konu hans til Árósa í Danmörku.

Ferðin hófst þannig að pabbi sótti mig í skólann kl. 11:00 og buðum við Sveinbirni með í þessa ferð. Við keyrðum suður á Keflavíkurflugvöll. Þar geymdum við okkar bíl svo kom mamma og sótti bílinn.

Fyrst þurftum við að bóka okkur í flug og setja farangurinn í afgreiðsluna, síðan fórum við í gegnum tollskoðun þar þarf maður að setja handfarangur í gegnum leitartæki.



Sveinbjörn var mjög hissa á því að hann þurfti að setja töskuna sína í leitartækið en það gekk allt vel. Sveinbjörn sat á milli mín og pabba í flugvélinni. Þar fengum við okkur að borða. Við fengum líka liti og litabók, svo horfðum við á sjónvarp.

Þegar við lentum í Kaupmannahöfn þurftum við að fara í strætó sem keyrði okkur yfir á annan stað á flugvellingnum

til að finna aðra flugvél sem flaug með okkur yfir til Árósa. Þar tóku Atli bróðir minn og Rannveig kona hans á móti okkur.

Það var komið kvöld þegar við komum heim til þeirra. Við fengum okkur smá að borða og svo beint í háttinn því það stóð mikið til daginn eftir.

Atli bróðir fór með okkur í regnskógargarð í bæ sem heitir Randers. Það er svona dýragarður sem er í kúluhúsum sem líta út eins og Þerlan í Reykjavík. Þetta er svakalega stórt. Þarna voru dýr frá öllum heimsálfum. Þarna voru snákar,

leðurblökur, alls kyns sjávardýr, hákarl og líka Nemó. Svo voru líka apar og þeir voru voða hrifnir af Sveinbirni. Einn reyndi að ná í Sveinbjörn en ég passaði hann voða vel. Þegar við vorum búin að skoða garðinn þá fengum við okkur ís.



Pabbi og Atli fengu sér þann stærsta ís sem ég hef séð. Við Sveinbjörn skildum ekki hvernig þeir gátu borðað svona stóran ís. Á leiðinni heim til Árósa skoðuðum við sveitir Danmerkur.

Á einum sveitabænum stoppuðum við til að skoða nokkur dýr, asna og minnsta hest sem ég hef séð. Á þessum sveitabæ sáum við líka voða skrítna fugla sem Atli bróðir sagði okkur að hétu Emúar, þeir eru líkir fuglum sem heita Strútar. Emúarnir gáfu frá sér mjög skrítin hljóð.



Á laugardag og sunnudag vorum við í Árósum og skoðuðum okkur um í borginni. Við fórum á veitingastaði og kíktum á mannlífið. Þar er mjög margt að sjá. Þarna rennur á í gegnum miðbæinn og margar brýr sem maður gengur yfir. Ég keypti mér armband af indíána sem var frá Perú. Hann spilaði á mörg hljóðfæri, t.d. gítar, trommur og flautu. Mér og pabba fannst mjög gaman að hlusta á hann.

Á mánudag var komið að heimferð. Við fórum í lest til Kaupmannahafnar. Ég hef aldrei áður farið í lest. Okkur Sveinbirni þótti það mjög gaman. Svo fórum við í flugvélinni heim til Íslands. Þegar þangað var komið þá fórum við í rútu heim í Garðabæ.

Sveinbjörn er góður ferðafélagi og vonast ég til að hann sé til í að ferðast aftur með mér.



Svandís Rafnsdóttir
2.SG